

REGLUR

um breyting á reglum um starfsemi Íslenska dansflokksins, nr. 639/1991 með síðari breytingum.

1. gr.

5. gr. orðast svo:

Menntamálaráðherra setur eða skipar framkvæmdastjóra Íslenska dansflokksins í samræmi við ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að fenginni tillögu stjórnar. Framkvæmdastjóri skipuleggur verklegan þátt starfsins, annast fjármál, gerir kostnaðaráætlanir og sinnir almannatengslum og kynningu.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 30. janúar 1998.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skorradalshreppi árið 1998.

1. gr.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1998.

2. gr.

Gjaldið er kr. 2.000 á hvert sumarhús og hvert býli í hreppnum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að gilda fyrir árið 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.